



### Fundargerð

Miðvikudaginn 18. apríl 2018 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 10.30 á skrifstofu Félags- og skólaþjónustunnar á Blönduósi. Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Jón Gíslason, Vignir Sveinsson, Valgarður Hilmarsson og Halldór G. Ólafsson. Auk þess sátu fundinn: Sara Lind Kristjánsdóttir, félagsmálastjóri og Magnús B. Jónsson, framkvæmdastjóri félagsþjónustunnar.

Formaður stjórnar, Jón Gíslason, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

#### 1. Breytingar á húsnæði sambýlisins á Blönduósi.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundum sem hann hefur átt með fulltrúum sveitarfélagsins Skagafjarðar um húsnæðismál sambýlisins. Á þeim fundum hafi verið til umfjöllunar fyrirhugaðar breytingar á húsnæðinu Skúlabraut 22 og hugmyndir um viðbyggingu við húsið til að koma til móts við þarfir og kröfur um að hver íbúi á sambýlinu hafi kost á sérbyli. Við yfirferð á málinu bæði á fundum með fulltrúum Skagafjarðar og Ágúst Hafsteinssyni arkitekt þá hafi komið í ljós að viðbygging við Skúlabraut 22 sé ekki heppileg lausn m.a. vegna þess að deiliskipulag svæðisins gerir ekki ráð fyrir stækkun hússins. Fyrir fundinum lágu uppdrættir Ágústs Hafsteinssonar þar sem annarsvegar er gert ráð fyrir að breyta Skúlabraut 22 þannig að þar rúmist 4 íbúðir og hins vegar nýtt fjögurra íbúða raðhús með þjónustukjarna. Ekki lá fyrir kostnaðarmat á þessum valkostum en fram kom að það væri samdóma álit þeirra sem hefðu fjallað um málið að nýbygging væri ákjósanlegri leið.

Stjórnarmenn ræddu fyrirbyggjandi hugmyndir og þá valkosti sem væru í stöðunni. Niðurstaða stjórnar var að stefnt skuli að nýbyggingu frekar en leggja í flóknar og kostnaðar breytingar á núverandi húsnæði. Framkvæmdastjóra falið að halda áfram að vinna að tillögu að byggingu fjögurra íbúða raðhúss með þjónustukjarna. Einnig rætt um að skoða möguleika á að koma á fót fasteignafélagi um húsnæði fyrir fatlað fólk í samstarfi við önnur sveitarfélög á Norðurlandi vestra. Slíkt félag gæti tekið að sér byggingu og rekstur húsnæðis fyrir fatlaða einstaklinga á þjónustusvæðinu.

Í ljósi þeirrar stefnu að Skúlabraut 22 verði ekki framtíðarhúsnæði fyrir fatlaða einstaklinga og verði hugsanlega tekið til annarra nota innan fárra ára var ákveðið að breyta áætlun um endurgerð á baðherbergi og gera einungis nauðsynlegustu endurbætur.



### 2. Viðhald annarra eigna

- Skúlabraut 22

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingu á fyrri áætlun sbr. dagskrálið 1 á fundinum. Verkið komið í farveg þannig að samið hefur verið við Ágúst Þór Bragason hjá Blönduósbæ að fá iðnaðarmenn til að gera þær úrbætur sem samkomulag er um að gerðar verði. Verkið talið of lítið til að það verði sett í sérstakt samninga- eða útboðsferli.

- Ægisgrund 2-8

Gluggar verða pantaðir samkvæmt tilboði á síðasta fundi. Verkefnið er komið í farveg og reiknað með að gluggar komi í júnímánuði.

- Hnitbjörg

Framkvæmdastjóri greindi frá því að það hefði verið sett í farveg að klára undirbúning framkvæmda við eina íbúð í Hnitbjörgum en hefði gengið seint að fá magntölur til að nota í samningi við verkataka. Af þeim sökum væri verkið ekki komið af stað.

### 3. Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl 11.25

Jón Gíslason,

Vignir Sveinsson,

Valgarður Hilmarsson,

Halldór G. Ólafsson

Sara Lind Kristjánsdóttir

Magnús B. Jónsson